

## *Translatio*: Dýrlingar færðir heim

Vegsömun dýrlings hefst oftast með *translatio*. Innan hins kristna menningarheims felur *translatio* í sér upptöku jarðneskra leifa hins helga manns og færslu þeirra á nýjan og virðulegri stað. Á Íslandi urðu menn í fyrsta sinn vitni að *translatio* 20. júlí 1198, þegar bein Þorláks Þórhallssonar Skálholtsbiskups voru tekin upp og lögð í skrín. Frá þeim atburðum er greint í öllum varðveittum gerðum *Þorláks sögu* og einum latínutexta.<sup>1</sup> Frásagnir af beinaupptöku og skrínlagningu fylgja oft sögum dýrlinga en hafa einnig varðveist sem sjálfstæðar frásagnir og nefnast þá einnig *translatio*, eða færsla.

Hugtakið *translatio* merkir ennfremur þýðing, sem er færsla úr einu tungumáli í annað.<sup>2</sup> Á miðöldum var mikið þýðingastarf unnið og þýðingar seytluðu með ýmsum hætti inn í frumsamda texta. Latneska Biblían, *Vulgata*, var þýðing en öðlaðist virðingu frumtexta. Hún var textinn sem var viðmiðið, á henni byggðist túlkun Biblíunnar og hún varð uppspretta annarra trúarlegra texta. Heilagur Híerónímus (um 347–420) varði um 30 árum eða helmingi ævi sinnar við þýðingu Biblíunnar úr grísku á latínu. Í einu bréfa sinna, *Epistola ad Pammachium*, gerir hann grein fyrir tveimur aðferðum við þýðingar, „orð fyrir orð“ eða „merking fyrir merkingu“ og er bréfið stundum talið elsta ritið um þýðingafræði. Þar segir hann að þýða skuli *non verbum e verbo sed sensum de sensu*: ekki orð fyrir orð heldur merkingu fyrir merkingu, nema þegar um er að ræða hinn

<sup>1</sup> Ásdís Egilsdóttir 2002, lxxxviii–xcv.

<sup>2</sup> Um *translatio studii*, eða *fræðafærslu* verður ekki fjallað hér. Þá er átt við að latneskar menntir eigi sér sama upphaf og innlend menning, líkt og sjá má af upphafi síðari hluta *Þriðju málfræðiritgerðarinnar* eftir Ólaf Þórðarson hvítaskáld. Þar er allur skáldskapur talinn eiga sér sama upphaf. *Den tredje og fjærde grammatiske afhandling i Snorres Edda* 1884, 60.

helga texta Biblíunnar. Engu að síður hefur þýðing Híerónímusar þótt frjálsteg.<sup>3</sup>

Þýðingar milli tungumála á miðöldum eru með mismunandi hætti, frá því að vera orðréttar þýðingar til lauslegra endurritana.<sup>4</sup> Þetta á við um bæði kirkjulegar og veraldlegar þýðingar. Frjálstegar þýðingar á miðöldum gætu átt rætur að rekja til þeirrar sísköpunar sem átti sér stað í munnlegri geymd og miðlun. Sögur og kvæði gátu þá auðveldlega breyst frá einum flutningi til annars. En þó verður að hafa í huga að elstu þýðingar heilagra manna sagna eru orðréttar og nákvæmar. Síðar varð það þýðendum ekkert keppikefli að hafa íslenskan blæ á textum sínum. Stíll þeirra er undir áhrifum frá latneskum kennslubókum og latneskri bréfagerð. Þetta á einkum við um höfunda 14. aldar.<sup>5</sup>

Norrænar miðaldaþýðingar skiptast í tvo meginþræði, þýðingar kirkjulegra bókmennta úr latínu og veraldlegra texta úr frönsku. Undanfarin ár hefur verið talsverð gróska í rannsóknum á þýðingum miðaldatexta. Árið 2010 var komið á fót norrænu samstarfsverkefni sem nefnt var *Translatio*. Markmið þess var að skapa vettvang fyrir þverfaglegar þýðingarrannsóknir, ekki einungis á þýðingum á textum, heldur einnig á menningarlegum fyrirbærum, með sérstakri áherslu á norræn mál- og menningarsamfélög. *Translatio*-verkefnið hefur knúið þátttakendur til þess að takast á við sjálft þýðingarhugtakið og merkingu þess. Getur flutningur verks úr texta yfir í myndverk talist þýðing eða úr bundnu máli í prósa? Þá þarf að spyrja hvort flutningur merkingar milli mismunandi táknkerfa og tjáningarforma geti verið þýðing þó að tungumálið sé hið sama. Um þetta hefur Roman Jakobson fjallað og telur hann að greina megi þýðingar í þrennt: 1) Þýðingu innan tungumáls („intra-lingual translation“), 2) þýðingu milli tungumála („inter-lingual translation“) og 3) þýðingu milli táknkerfa („inter-semiotic translation“).<sup>6</sup> Umtalsverður munur getur verið á gerðum sömu sögu og endurritunin mætti því kallast „þýðing innan tungu-

<sup>3</sup> Robinson 2002, 25; Ástráður Eysteinnsson 1996, 38–41. Umræða um orðréttar þýðingar eða „merking fyrir merkingu“ kemur einnig fyrir í ritum Cicerós og Hórasar, sjá Robinson 2002, 9, 15.

<sup>4</sup> Jónas Kristjánsson 1988, 135–146; Roughton 2004; Gunnar Harðarson 1989, 36.

<sup>5</sup> Sverrir Tómasson 1993, 264–268.

<sup>6</sup> Jakobson 1959, 233.

máls“ samkvæmt kenningum Jakobsons. Gott dæmi er endurritun *Jóns sögu helga* á 14. öld þar sem mikill munur verður á stíl og framsetningu sama efnis og í eldri gerð.

Miðaldafræðingar hafa í auknum mæli fært sér í nyt rannsóknir þýðingafræðinga. Margir þeirra fræðimanna sem fjallað hafa um þýðingar hafa nýtt sér kenningar ísraelska þýðingafræðingsins Itamars Even-Zohars, en Ástráður Eysteinnsson hefur fjallað ítarlega um fjölkerfakenningu hans (polysystem theory).<sup>7</sup> Even-Zohar setti fram hugmyndir sínar í nokkrum greinum á sjöunda áratugnum. Þar fjallar hann um bókmenntir sem „fjölkerfi“, eða kerfi sem samsett er úr öðrum kerfum. Kenning hans er sú að heildarkerfið stjórnist af samspili miðlægra bókmennta, eða hefðarveldis annarsvegar og bókmennta í jaðarstöðu hinsvegar. Með fjölkerfakenninguna að leiðarljósi kannaði Even-Zohar kerfisbreytingar bókmennta í tímans rás, ekki hvað síst með tilliti til stöðu þýðinga, skilnings manna á þeim og mismunandi gildismat.<sup>8</sup>

Einn þeirra sem beitt hefur fjölkerfakenningu Even-Zohars á norrænar miðaldabýðingar er sænski fræðimaðurinn Jonatan Petterson. Even-Zohar benti á að þýðingar gætu gegnt misáhrifamiklum hlutverkum innan bókmenntakerfisins. Þær geta orðið miðlægar ef þeim tekst að hafa áhrif á bókmenntir á mótunarskeiði, ef innlendar bókmenntir eru veikar fyrir eða í jaðarstöðu eða á umbrotatímum í bókmenntum þegar tómarúm myndast eða kreppa ríkir. Jonatan Petterson bar saman sögu innlendra bókmennta og þýðinga í Noregi og á Íslandi og það sem hann taldi ólík bókmenntakerfi landanna. Kerfi þar sem þýðingar verða miðlægar eru opin en kerfi þar sem innlendar bókmenntir hafa miðlæga stöðu teljast aftur á móti lokuð. Þannig telur Petterson að á 13. öld hafi verið opið kerfi í Noregi en lokað á Íslandi, þar sem innlendar bókmenntir höfðu missterka stöðu í löndunum tveimur. Hann getur þess þó að á 11. og 12. öld hafi trúarlegar bókmenntir haft yfirhöndina og þýðingar þá haft sterka stöðu á Íslandi.<sup>9</sup> Að vissu marki væri hægt að taka undir niðurstöður Pettersons

<sup>7</sup> Even-Zohar 1978, 33–35; 2008, 126 og 1990, 59–63.

<sup>8</sup> Ástráður Eysteinnsson 1996, 225–229.

<sup>9</sup> Petterson 2008.

en það þarf að gæta að þeirri samræðu sem stöðugt á sér stað milli innlendra og þýddra bókmennta og hinn trúarlegi armur miðalda-bókmennta er opinn fyrir áhrifum alveg fram til siðskipta.

Ástráður Eysteinnsson rekur sögu viðhorfa til þýðinga í bók sinni *Tvímæli* og bendir á að Jón Þorláksson, sem kunnastur og dáðastur er fyrir þýðingar sínar, hafi fljótt áunnið sér sæmdarheitið þjóðskáld, líklega meðan hann lifði. Umfjöllun um hann í ritum um bókmenntasögu sé aftur á móti í litlu samræmi við það álit sem hann naut, enda hafi þýðingum ekki verið gert þar hátt undir höfði.<sup>10</sup> Það má bera þessar athuganir Ástráðs saman við stöðu miðaldaþýðinga, í samtímanum annars vegar og í bókmenntasögunni hinsvegar. Í menningarheimi miðalda áttu þær sinn þegnrétt meðal bókmenntanna og eru aðlagðar norrænu máli og menningu. Norræna hugtakið *saga* (*Agnesar saga*, *Martinus saga*) er oftast notað um píslar- og lífssögur heilagra manna. Þar er um að ræða aðlögun en ekki þýðingu á latnesku hugtökunum *vita* (líf, lífssaga) og *passio* (píslarsaga). Þó að miðaldaþýðingar hafi líklega fyrir komist í bókmenntasögur en flestar þýðingar frá síðari öldum, voru þær lengi vel á jaðrinum í fræðiritum um bókmenntasögu. Þetta hefur breyst með auknum áhuga á þýðingum og líklega hafa miðaldaþýðingar komist fyrir inn í bókmenntasöguna en þýðingar frá öðrum tímabilum.<sup>11</sup>

Iðkun kristins síðar kallar á bækur, hið ritaða orð. Bækur, lestur og ritun með latínuletri bærust til Íslands með boðberum kristins síðar. Aðeins hafa varðveist brot úr rúmlega 20 handritum, eða um 230 blöð, frá elsta skeiði ritaldar fram að 13. öld. Mestur hluti efnis þessara handrita fjallar um trúarleg efni og þau eru skrifuð af lærðum kirkjunnar mönnum.<sup>12</sup> Latneskir textar og þýðingar úr latínu eru meðal þess fyrsta sem ritað er á Íslandi. *Fyrsta málfræðiritgerðin*, sem talin er frá síðari hluta 12. aldar, telur upp fjórar tegundir texta sem

<sup>10</sup> Ástráður Eysteinnsson 1996, 229.

<sup>11</sup> Fjallað er rækilega um þýðingar og tengsl þeira við frumsamdar, innlendar bókmenntir í *Íslenskri bókmenntasögu I–II*, 1992–1993, sjá einkum Sverri Tómasson og Véstein Ólason 1992, 411–571 og Torfa H. Tulinius 1993, 195–282. Nýlegt rit um miðaldaþýðingar er bók Sifjar Ríkhardsdóttur, *Medieval Translations and Cultural Discourse. The Movement of Texts in England, France and Scandinavia*.

<sup>12</sup> Haraldur Bernharðsson 2002, 175–197.

þá voru ritaðir, lög, áttvísi, fræði Ara Þorgilssonar og þýðingar *helgar*.<sup>13</sup> Flestir fræðimenn hallast að því að þar sé átt við útskýringar á ritningunni (*sacrae interpretationes*) fremur en þýðingar á heilagra manna sögum. Elsti þýddi textinn sem nú er vitað um er brot úr *Kirkjudagsmálum* í handritinu AM 237 a fol. frá því um miðja 12. öld og líklegt er talið að fyrstu trúarlegu textarnir hafi verið þýddir úr latínu um öld fyrr. *Kirkjudagsmál* eru varðveitt heil í *Íslensku hómilíubókinni* og *Norsku hómilíubókinni* en báðar eru frá því um 1200.<sup>14</sup> Elstu þýðingar heilagra manna sagna eru í handritinu AM 645 4to sem er frá upphafi 13. aldar en líklegt er að nokkrar sögur hafi verið þýddar þegar á 12. öld. Í þessu handriti eru *Niðurstigningar saga*, *Klemens saga páfa* ásamt sögum postulanna Péturs, Jakobs, Bartólómeusar, Matteusar, Andrésar og Páls. Þar er einnig að finna elstu varðveittu jarsteinir Þorláks helga.

Upphafi og þróun bókmenningar og þýðinga á trúarlegum ritum á Íslandi mætti lýsa á þessa leið: 1) Latneskt stafróf tekið upp, 2) ritun texta á latínu, 3) orðréttar þýðingar, 4) lauslegar þýðingar/aðlaganir/samsteypurit, 5) afleidd rit á móðurmálinu. Helgisagnarritun um íslensku dýrlingana þrjá kemur í kjölfar upptöku helgra dóma þeirra. Það er álitamál hvort beri að telja þær til þýðinga eða afleiddra rita á móðurmáli.<sup>15</sup> *Jóns saga* og *Þorláks saga* eru fyrst ritaðar á latínu um 1200. Varðveist hafa brot af latneskri *Þorláks sögu* og fáein les. Gunnlaugur Leifsson samdi sögu Jóns helga á latínu en hún er glötuð. *Þorláks saga* og *Jóns saga* voru þýddar úr latínu yfir á móðurmálið en ógerningur er að vita nú hvernig þessar þýðingar voru unnar og hversu mikill munur var á frumtexta og þýðingu. Á móðurmálinu er varðveitt gerð frá 13. öld og tvær yngri frá 14. öld. Elsta gerð *Þorláks sögu* á íslensku er rituð í upphafi 13. aldar, líklega skömmu eftir beinaupptökuna. Tvær yngri gerðir sögunnar eru frá 13. og 14. öld. Ekki eru til heimildir um latneska *Guðmundar sögu* en líklegt er að

<sup>13</sup> *The First Grammatical Treatise* 1972, 208. Upprunaleg merking sagnarinnar „að þýða“ er að „gera þjóðinni skiljanlegt“, sbr. Ásgeir Blöndal Magnússon 1989.

<sup>14</sup> *Kirkjudagsmál* eru einnig varðveitt í 15. aldar handritinu AM 624 4to.

<sup>15</sup> Til samanburðar má nefna frumsamdar, innlendar riddarasögur eða rómönsur. Íslenskar rómönsur sækja efnivið sinn í þýddar bókmenntir en eru ekki þýðingar á frumtexta á erlendu tungumáli. Um rómönsur sjá Torfi H. Tulinius 1993, 218–245.

slík saga hafi verið til. Sagnaritun um Guðmund Arason er talsvert flóknari en um Þorlák og Jón. Bein hans voru tekin upp og lögð í skrin árið 1315. Um hann voru samdar fjórar sögur á 14. öld og er hin yngsta þeirra eftir Arngrím Brandsson (d. 1361). Hér verður sjónum einkum beint að elstu gerð *Þorláks sögu helga* og *Guðmundar sögu Arngríms Brandssonar*.

Lærðir höfundar miðalda höfðu ekki stór bókasöfn að sækja í. Bækur voru fáar og ekki alltaf aðgengilegar. Safnrit með stuttum köflum úr lengri ritum, einkum ritum kirkjufæðra gátu bætt úr bóka-skortinum. Þetta voru svonefnd *florilegia*, (et. *florilegium*) heitið dregið af lat. *flos* (blóm) og *legere* (að lesa, safna). Þannig er falinn orðaleikur í heitinu, safnað skal saman því sem lesið er. Mary Carruthers hefur bent á að *florilegia* séu safn minnisgreina. Safnendur þeirra hafi raðað þar saman greinum sem þeir hafi lagt á minnið og aðrir getað nýtt sér söfnin í sama tilgangi, lært minnisgreinarnar, íhugað og nýtt síðan í í prédikanir eða ritverk. Minnisgreinar voru ekki skráðar til þess að koma í staðinn fyrir minnið heldur áttu þær að vera minnislærdómi til stuðnings.<sup>16</sup> *Florilegium* eftir rómverska höfundinn Valerius Maximus, kallaðist *Dicta et facta memorabilia* (talið ritað árið 30 eða 31), eða minnisverð spakmæli og atburðir. Þetta rit var mikið lesið og afritað á miðöldum.<sup>17</sup> Af þessum toga eru einnig *Epigrömm Prospers* af Aquitaníu (d. 460), safn spakmæla úr ritum Ágústínusar kirkjuföður, en brot úr 12. aldar þýðingu á þeim er varðveitt í handritinu AM 677 4to.<sup>18</sup>

Fremur fátítt var á miðöldum að Biblían væri varðveitt í heild en fjöldi handrita var til af hlutum hennar og munur milli handrita eins og við er að búast í samfélagi handritamenningar.<sup>19</sup> Í þýddum trúar-bókmenntum er að finna mikinn fjölda tilvitnana í Biblíuna og talsverður orðalagsmunur er oft milli þýðinga.<sup>20</sup> Ein skýringin á þessum

<sup>16</sup> Carruthers 1992, 174–185; Carruthers og Ziolkowski 2002, 5. Sjá einnig Ásdís Egilsdóttir 2009a, 43–51 og 2009b, 378–386.

<sup>17</sup> Carruthers 1998, 35.

<sup>18</sup> *Leifar fornra kristinna fræða íslenzkra* 1878, 2–16.

<sup>19</sup> Marsden 2004, 69–90.

<sup>20</sup> Dæmi um þetta má sjá hjá Kirby 1976–1980.

mun gæti verið sú að vitnað sé eftir minni. Biblíuvers voru meðal þess sem bóklærðir menn lærðu utan að og geymdu í minni sér.<sup>21</sup> Óvíst er að til hafi verið heildarþýðing á Biblíunni á norrænu máli en gera má ráð fyrir því að guðspjöllin hafi verið til þýdd.<sup>22</sup> Algengt var að skýringartextar eða glósur úr skýringarritum fylgdu með biblíuversum. Þýðingin á 1. Mósebók í Gamlatestamentisþýðingunni *Stjórn* hefur að geyma þess konar skýringargreinar.

Í *Þorláks sögu*, elstu sögunni um innlendan dýrling, eru um fjöru tíu biblíutilvitnanir. Aðeins tvær orðréttar tilvitnanir eru í styttri gerð *Jóns sögu* og fimm í hinum lengri. *Guðmundar saga* Arngríms Brandssonar inniheldur um þrjátíu vísanir í Biblíuna en þær eru talsvert umorðaðar og sumar á latínu. Aðeins sjö þeirra geta talist orðréttar tilvitnanir.<sup>23</sup> Það er erfitt að skýra þennan mun en það kann að hafa haft áhrif að *Þorláks saga* er fyrsta sagan um innlendan dýrling og höfundur því verið mikið í mun að vinna verk sitt vel. Sá sem ritaði *Þorláks sögu* gæti hafa haft hjá sér latneskan biblíutexta og þýtt ritningargreinar um leið og hann setti saman sögu sína. Eins má ætla að hann hafi kunnað einhverjar tilvitnanir utanbókar. Munskar og nunnur áttu að kunna *Davíðssálmana* og í elstu gerð *Þorláks sögu* er vitnað í þá alls tólf sinnum.<sup>24</sup> Elsti varðveitti íslenski textinn sem tengist vegsömun Þorláks helga er *Jarteinabókin* sem var lesin upp á alþingi árið 1199.<sup>25</sup> Þannig er lýst áhrifunum af upplestri á fyrstu jarteinum hans:

Á alþingi þessu enu sama lét Páll byskup ráða upp at bœn manna jarteinir ens sæla Þorláks byskups, þær er hér eru skrifaðar á þessi bók. En þar var sá maðr við staddr er svá var daufr at hann heyrði ekki nema œpt væri at honum. En er jarteinir váru upp sagðar, þá heyrði hann jamn glœggt sem aðrir menn, ok var hann heill orðinn síns meins.

Sá var annar við staddr við þenna atburð er svá var óskyggn at hann sá

<sup>21</sup> Carruthers 1992, 82, 96, 157–174.

<sup>22</sup> Kirby 1976–1980, 14–16.

<sup>23</sup> Kirby 1976–1980, 79–81.

<sup>24</sup> Um sálmalærdóm, sjá Huga frá Viktorsklaustri, „The Three Best Memory Aids for Learning History“ (De tribus maximis circumstantiis gestorum), þýð. Carruthers 2004, 32–40.

<sup>25</sup> Gottskálf Þ. Jensson (2012) hefur sett fram þá hugmynd að *Jarteinabókin* hafi verið fyrst skráð og lesin á latínu og þýdd eða túlkuð samtímis.

## RITUN OG ÞÝÐINGAR

trautt fingra sinna skil ok var eigi verkfœrr, en nálíga félauss. Honum fekk mikils er hann heyrði jarteinir ens sæla Þorláks byskups, ok gekk enn í kirkjuna ok lagðisk á knébeð ok bað enn sæla Þorlák byskup með tárur at hann skyldi honum nekkverja líkn veita. En er hann reis upp af bœninni, þá var hann heill, ok var þessi jartein lýst, ok lofuðu menn Guð ok enn sæla Þorlák byskup.<sup>26</sup>

Hér er ekki um beina tilvitnun að ræða en frásögnin er vísun í Spádómsbók Jesaja og fyrstu lækningar Krists í guðspjöllunum, þar sem blindir og daufir læknast (35:5 Þá munu augu blindra ljúkast upp og eyru daufra opnast.).

Ljóst er að biblíutilvitnununum er ætlað að sýna að Þorlákur hafi verið sannur sporgöngumaður Krists og að hann sé öðrum kristnum mönnum fyrirmynd. Þær eru notaðar til þess að draga fram það sem mestu þykir varða um ævi og eiginleika Þorláks. Þegar heitið er á dýrling er nafn hans ákallað og fyrsta tilvitnunin minnir á gildi nafnsins. Persónuleiki og háttarni biskups eru útskýrð með ritninguna að leiðarljósi. Lyndiseinkunn Þorláks er borin saman við lýsingu Páls postula á dyggðum biskupa í bréfi hans til Títusar (Tit 1:7–9). Í *Þorláks sögu* eru tilvitnanir afmarkaðar með inngangsorðum eins og *er Guð segir svá, sem Lúkas segir af Guðs postolum, sem Páll postoli hefir kennt í sínum pistli, Því at þat mælti dróttinn*. Þannig kemur skýrt fram að þó að þær séu hluti af heildarvefnaði textans eru þær fengnar annars staðar frá, þ.e. úr Biblíunni. Þrátt fyrir þann virðingarsess sem Biblían skipaði hefur helgisagnaritarinn gert breytingar á stöku stað til þess að tilvitnanirnar falli betur að meginefninu.<sup>27</sup> Þá er líklegt að mönnum hafi þótt gegna öðru máli um móðurmálsþýðingar en hinn helga, latneska biblíutexta. Fleiri en einni tilvitnun er á stöku stað slegið saman í eina heild, eins og í eftirfarandi frásögn af andláti biskups, þar sem vísað er í *Davíðssálma* og Jóhannesarguðspjall:

En er Þorlák byskup var kominn at andláti beiddisk hann at drekka. Ok er at honum <var> borit, hné hann at hœgendum ok sofnaði sælliga til Guðs, ok veitti Guð honum þá dýrð at hann þyrsti við andlát sitt, sem

<sup>26</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 135.

<sup>27</sup> Astås 1993, 78–79.

## TRANSLATIO: DÝRLINGAR FÆRÐIR HEIM

sjálfan Guðs son, ok skyldi hvargi stöðvask fyrr en í andligu lífi því er Guðs vinir eru jamnan þyrstir til. Birti Guð þat í andláti ins sæla Þorláks byskups er hann sagði fyrir munn Davíðs, at dýrligr myndi verða dauði heilagra manna, því at öllum þótti betra hjá honum önduðum en mörqum lifandi mönnum.<sup>28</sup>

Joh. 19.28 *postea sciens Iesus quia iam omnia consummata sunt ut consummaretur scriptura dicit sitio.* (Jesús vissi að allt var þegar fullkomnað. Þá sagði hann til þess að ritningin rættist: „Mig þyrstir.“)  
Ps. 116.15 *pretiosa in conspectu Domini mors sanctorum eius.* (Dýr er í augum Drottins dauði dýrkenda hans.)

Með því að flétta biblíutilvitnunum inn í texta *Þorláks sögu* skapar helgisagnaritarinn samræðu við texta Biblíunnar og undirstrikar með því heilagleika biskupsins. Um leið gerir höfundur texta sinn að skýringarriti við ritningargreinarnar.

Sögur af dýrlingum voru ekki einvörðungu frásagnir til þess að lesa, hlýða á og njóta. Þeim var ætlað að vera til uppbyggingar og kenna þá réttu breytni og hegðun sem hið kristna samfélag hafði komið sér saman um að væri æskileg. Fyrirmyndin var sótt í Biblíuna og aðrar heilagra manna sögur. Höfundar íslensku dýrlingasagnanna hafa getað sótt heimildir í munnlegan fróðleik, bréf og önnur skjöl á biskupsstólunum. En þeir þurftu að móta efnið og laga að hugmyndaheimi og frásagnarhætti helgibókmennta. Frá upphafi innlendra helgisagnaritunar hafa höfundarnir vitað hvernig átti að semja sögu um biskup og játara. Þeir hafa þekkt samsvarandi sögur úr hinum alþjóðlega heimi kirkjulegra bókmennta.

Fleira gæti hafa verið til af þýðingum um 1200 en nú er varðveitt. Þó að „fyrsti málfræðingurinn“ eigi ekki við þýddar heilagra manna sögur þegar hann nefnir *þýðingar helgar* þarf það ekki að útiloka tilvist þeirra þegar *Fyrsta málfræðiritgerðin* var samin. Eins og Bjarni Guðnason benti á eru orð höfundar hennar ekki tæmandi upptalning á því sem skrifað var í landinu á hans dögum.<sup>29</sup> Einnig verður að gera ráð fyrir því að höfundar íslensku dýrlingasagnanna hafi stuðst við texta á latínu, jafnvel þýtt þá sjálfir um leið og þeir settu saman verk

<sup>28</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 82.

<sup>29</sup> Bjarni Guðnason 1976, 160.

sitt. Auk biblíutilvitnanna innihalda sögur af íslenskum dýrlingum margskonar þýtt efni af trúarlegum toga. Nefna má sem dæmi vitrun 12. aldar nunnunnar og sjáandans Elísabetar frá Schönau sem varðveitt er í tveimur yngstu gerðum *Guðmundar sögu*.

Formgerð helgisögunnar leggur ásamt biblíutilvitnunum grunninn að efnisgrind *Þorláks sögu*. Æviatriði hans eru felld að formgerðinni og með því að sýna fram á að þegar Þorlákur líkist kunnum heilögum mönnum verður hann öðrum fyrirmynd á sama hátt og þeir. Höfundurinn nefnir ekki nöfn annarra dýrlinga en skyldleikinn er augljós við sögur heilögu biskupanna Marteins, Nikulásar og Ambrósíusar.<sup>30</sup> Undantekning er þó gerð þegar sagt er frá draumi Þorláks á alþingi:

Þorlák byskup dreymdi þann draum á alþingi at hann þóttisk ganga frá kirkju þar á þinginu heim til búðar sinnar ok bera höfuð ins heilaga Martini í faðmi sér. En Páll prestr af Reykjaholti, dýrligr maðr, réð svá þann draum at hann sjálfr myndi þar eptir bera heilags byskups höfuð hvert er hann færi. Ok er nú öllum auðsýnt at þat er satt.<sup>31</sup>

Heilagur Marteinn frá Tours (d. 397) var helsta fyrirmynd heilagra biskupa. Draumurinn boðar að Þorlákur muni eiga eftir að feta í fótspor hans.

Arngrímur Brandsson setti saman *Guðmundar sögu* um það bil einni og hálfri öld eftir að elsta gerð *Þorláks sögu* var samin. Hann er dæmi um höfund sem lifir og hrærist í þróuðu textasamfélagi. Á hans dögum hefur talsvert verið þýtt af heilagra manna sögum auk þess sem gera verður ráð fyrir því að hann hafi þekkt latneska texta. Í sögu sinni um Guðmund Arason vísar hann óspart í hliðstæðar sögur, ber Guðmund saman við aðra dýrlinga og nafngreinir þá. Þeir dýrlingar sem hann vísar til eru Marteinn, Nikulás, Anselm, Dunstanus, Ambrósíus, Dýónísíus og ekki hvað síst Tómas erkibiskup af Kantaraborg. Einnig vísar hann til *Díalóga Gregóríusar* og *Vitae Patrum*. Með samanburði sínum gefur hann til kynna hvernig hann ætlast til að áheyrundur sögunnar skilji textann:

<sup>30</sup> Ásdís Egilsdóttir 2002, lii–lxxx.

<sup>31</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 79.

Hér má nú sjá einkanligan hlut ok eptirdæmi sæls Martini mjök lofligan [...] því at þar birtist mestr verðleikr mannsins, ef hann þiggr af mannfólki lagða ráðningum hvárt sem heldr fyrir syndir þeirra sjálfra eðr leyndan guðs dóm, sem váttaði sæll Martinus þá er hann græddi hús Licontii jarls.

Arngrímur bendir lesendum og áheyrendum sínum á að Guðmundur líki eftir heilögum Marteini frá Tours. Á sama hátt og í dæminu úr *Þorláks sögu* hér að ofan á samanburðurinn að sýna að hinir íslensku dýrlingar séu verðir þess að vera líkt við heilagan Martein. Í eftirfarandi dæmi tekur hann klausu úr *Dyonisius sögu* og heimfærir upp á Guðmund:<sup>32</sup>

Því munum vér tala til yðvar viðrligum orðum sem Clemens páfi forðum til heilags Dionisium: farit í guðs blezan út til Íslands, flytið fram guðliga kenning, ok fylgið kirkjunnar rétt, þvíat þér eruð vel lærðr at standa í guðs vingarði; þörf er nóg en fáir vinnumenn.<sup>33</sup>

Þannig er samsvarandi kafli í *Dyonisius sögu*:

Þá mællti Clemens á þessa lund vit Dionisium: Ser þu Dionisius brodir, at mikill er kornskurdr en fair verkmenn i guds akri; en allz þu ert vel lærdr, þa far þu i nafni drottins ok rek eyrendi guðs um allt Frakland.<sup>34</sup>

Í þessum klausum er jafnframt fléttað inn óbeinni vísun í Matt. 20:1–16.<sup>35</sup> Arngrímur Brandsson er einn þeirra þekktu miðaldahöfunda sem bæði frumsömdu og þýddu sögur af heilögum mönnum. Ein gerð *Tómasar sögu erkiskups*, *Tómas saga II*, hefur verið eignuð honum. Auk *Jóns sögu* ritaði Gunnlaugur Leifsson (d. 1218/19) *Ólafs sögu Tryggvasonar* á latínu og er hún einnig glötuð. Gunnlaugur mun einnig hafa þýtt jarteinir Þorláks úr íslensku á latínu og er sú þýðing glötuð. Bergur Sökkason (d. 1350) ritaði sögu Guðmundar Arasonar

<sup>32</sup> Í þessu textadæmi byggir Arngrímur raunar á eldri *Guðmundar sögum*, einkum C-gerð sögunnar sem eignuð hefur verið Bergi Sökkasyni. Þessi gerð sögunnar er enn óprentuð og ég stend í þakkarskuld við Stefán Karlsson sem lánaði mér uppskrift sína af henni.

<sup>33</sup> *Biskupa sögur* II 1858–1878, 98.

<sup>34</sup> *Heilagra manna sögur* I 1877, 313.

<sup>35</sup> Engin orðrétt þýðing á þessari ritningargrein er hjá Kirby 1976–1980.

og honum hefur verið eignuð *L-gerð Jóns sögu*. Hann setti saman nýja gerð *Nikulás sögu* og jók að efni og hefur þá stuðst við eldri þýðingar en einnig latneska texta. *Mikjál's saga* Bergs er einnig sett saman úr ýmsum heimildum sem hann skipar niður í eina frásögn. Árni Lárentíusson (f. 1304) setti saman og þýddi *Dunstanus sögu* úr ýmsum heimildum. Þessar tvær síðast töldu sögur eru í senn þýðingar og frumsamdar sögur þar sem þeir Árni og Bergur skapa ný verk úr heimildum sínum. Peter Foote hefur fært rök fyrir því að *L-gerð Jóns sögu*, áður eignuð Bergi Sokkasyni, sé verk Árna.<sup>36</sup>

Allir þessir höfundar gætu hafa ritað eða þýtt fleiri sögur af heilögum mönnum. Óvíst er hvort þeir sáu einhvern mun á því að skrifa um íslenskan dýrling eða þýða eða setja saman sögur dýrlinga utan úr heimi. Með söguritun sinni sýna þeir fram á að hinir innfæddu dýrlingar tilheyrðu hinu alþjóðlega trúarsamfélagi. Á Íslandi gátu menn snúið sér að öllum helstu dýrlingum kirkjunnar og beðið þá ásjár. Píslar- og lífssögur þeirra voru kunnar í þýðingum og þeir voru verndardýrlingar íslenskra kirkna. Vinsælir dýrlingar gátu því verið í senn almennir og staðbundnir. Þegar saga dýrlings var þýdd á þjóðtungu eða helgir dómar hans færðir til kirkju urðu þeir hluti af því samfélagi sem þeir fluttust í. Þó má ætla að dýrlingur fæddur á Íslandi hafi átt sérstakan sess í hugum Íslendinga. Frá því er greint í *Þorláks sögu* að biskup hafi birst mönnum í draumi eftir andlát sitt. Draumarnir gefa helgi biskups til kynna með ýmsum hætti. Tekið er fram að aldrei hafi fyrr komið upp helgi eða jarteinir nokkurs manns á Íslandi en draumarnir séu mönnum huggun. Ef til vill má greina óþreyju eftir að eignast innlendan dýrling í þessum orðum: „Töluðu þat margir vitrir menn at annat hvárt myndi helgi Þorláks byskups upp koma ella myndi þess eigi auðit verða á Íslandi.“<sup>37</sup>

Hugtakið *jartein* er notað jöfnum höndum um kraftaverk fyrir meðalgöngu dýrlings og frásagnir af þeim. Ætla má að jarteinir eigi oftast upphaf sitt í munnlegum frásögnum. Prestar eða biskupar hlýddu á reynslusögur þeirra sem töldu sig hafa læknast eða þegið hjálp fyrir tilstilli dýrlingsins. Hinn lærði maður færði frásögnina í

<sup>36</sup> Foote 2003, ccxxxii–ccxxxiii.

<sup>37</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 85.

letur. Munnlegri frásögn, ásamt látbragði og svipbrigðum þess sem segir frá, er umbreytt með einskonar þýðingu yfir á ritmálið og fast form hinna rituðu jarteina. Þýðingar af þessu tagi sameina það sem Roman Jakobson kallaði þýðingu innan tungumáls („intralingual translation“), þegar saga er endursögð/endurrituð og löguð að nýjum aðstæðum eða breyttu málsniði, og þýðingu milli táknerfa („intersemiotic translation“) þegar önnur tjáning en orðin tóm hefur verið færð í letur.<sup>38</sup>

Við fyrstu sýn virðast íslenskar jarteinir þjóðlegar og alþýðlegar. Aðalpersónurnar eru íslenskar og umhverfið sömuleiðis. Þær segja frá ýmislegum vanda fólks í daglegu lífi við erfiðar, íslenskar aðstæður á sjó og landi. Meginatriðið er þó að greina frá hjálp eða lækningu fyrir meðalgöngu dýrlingsins. Allar jarteinir snúast í meginatriðum um úrlausn í vanda fyrir meðalgöngu dýrlings. Staðir og þjóðerni verða þannig aukaatriði. Biblíulegar jarteinir, eins og lækning hins blinda og hins heyrnarlausu sem *Jarteinabókin* greinir frá, koma víða fyrir. Þær eru staðfesting þess að hinn helgi maður líkir eftir Kristi. Þannig eru þessar jarteinir „þýddar“ eða staðfærðar eftir Biblíunni.

Í *Íslensku hómilíubókinni* er fjallað um þann vanda að koma nýrri hugsun til skila á eigin tungumáli: „Vér erum vanbúnir við því er vér skulum guði þjóna á þá tungu og á þá mállýsku er ér kunnuð jafnt skilja og um að mæla sem vér.“<sup>39</sup> Höfundar og þýðendur trúarlegra bókmennta á miðöldum eiga í sífelldri glímu við þann vanda sem segir frá í *Hómilíubókinni*. Með verkum sínum færa þeir nýjar hugmyndir inn í íslenskan menningarheim, skapa ný hugtök og skýra þau. Útleggingin er ein birtingarmynd þýðingar eins og fram kemur í orða-sambandinu *þýðingar helgar*. *Translatio* er færsla úr einum stað í annan. Þegar helgum dómum hefur verið komið fyrir í skrin og til kirkju, hafa þeir verið færðir í sín réttu heimkynni og vegsömun dýrlingsins hefst. Einn mikilvægasti þáttur hennar er sagnaritunin.

Aðalpersónur íslenskra dýrlingasagna eru biskupar sem voru raunverulegar, sögulegar persónur og greint er frá raunverulegum atburðum. Höfundar sagnanna færðu eða „þýddu“ efnivið sinn yfir á

<sup>38</sup> Jakobson 1959, 233.

<sup>39</sup> *Íslensk hómilíubók* 1993, 3.

hefðmótað tungumál helgisögunnar. Með því verða þeir Þorlákur, Jón og Guðmundur í senn íslenskir og alþjóðlegir. Á sama hátt gátu dýrlingar utan úr heimi orðið hluti af íslenskri bókmenningu þegar sögur þeirra voru þýddar á íslenskt mál. Skeið hinna kaþólsku trúar- bókmennta á Íslandi markast og mótast af stöðugri, skapandi sam- ræðu við þýðingar.

### *Heimildir*

- Astás, Reidar. 1993. „Om bibelanvendelse i Þorláks saga byskups.“ *Alvissmál* 3: 78–79.
- Ásdís Egilsdóttir. 2002. Formáli að *Biskupasögur* II, útg. Ásdís Egilsdóttir, lxxxviii–xcv. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Ásdís Egilsdóttir. 2009a. „Orðið og bókin.“ Í *Greppaminni. Rit til heiðurs Vésteini Ólasyni sjötugum*. Ritnefnd: Margrét Eggertsdóttir, Árni Sigurjónsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Nordal, Guðvarður Már Gunnlaugsson, 43–51. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ásdís Egilsdóttir. 2009b. „Study, Memorize, Compose.“ Í *Studi Anglo-Norreni in onore di John S. McKinnell: “He hafað sundorgecynd”*, ritstj. Maria Elena Ruggerini ásamt Veronka Szöke, 378–386. Cagliari: Cooperativa Universitaria Editrice Cagliariitana. [Einnig í þessu riti, bls. 221–234.]
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun/Háskólaútgáfan.
- Biskupa sögur* II. 1858–1878. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Biskupa sögur* II. 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslensk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Bjarni Guðnason. 1976. *Fyrsta sagan. Studia Islandica* 37. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Carruthers, Mary og Jan M. Ziolkowski, ritstj. 2002. *The Medieval Craft of Memory: An Anthology of Texts and Pictures*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Carruthers, Mary. 1992. *The Book of Memory. A Study of Memory in Medieval Culture*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Carruthers, Mary. 1998. *The Craft of Thought. Meditation, Rhetoric, and the Making of Images, 400–1200*, Cambridge: Cambridge University Press.
- Carruthers, Mary. 2004. *The Medieval Craft of Memory*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Den tredje og fjærde grammatiske afhandling i Snorres Edda*. 1884. Útg. Björn M. Ólsen. Kaupmannahöfn: S.L. Møller.

- Even-Zohar, Itamar. 1978. „The Polysystem Hypothesis Revisited.“ Í *Papers in Historical Poetics, Papers on Poetics and Semiotics* 8, ritstj. Itamar Even-Zohar, 1–7. Tel Aviv: The Porter Institute for Poetics and Semiotics.
- Even-Zohar, Itamar. 1990. „Laws of Literary Interference.“ *Polysystem Studies* 11: 59–63.
- Even-Zohar, Itamar. 2008. „Gesetzmäßigkeiten der kulturellen Interferenz.“ Í *Ästhetik und Kulturwandel in der Übersetzung*, ritstj. Maria Krystofiak, 117–134. Posener Beiträge zur Germanistik 19. Frankfurt am Main: Lang.
- Foot, Peter. 2003. Formáli að *Jóns saga helga*, í *Biskupa sögur* I, útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foot, ccxiii–cccxxi. Íslenzk fornrit 15. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Gottskálf Þ. Jensson 2012. „Revelaciones Thorlaci episcopi — enn eitt glatað latínurit eftir Gunnlaug Leifsson.“ *Gripla* 23: 133–175.
- Gunnar Ágúst Harðarson. 1989. Inngangur að *Prjár þýðingar lærðar frá miðöldum*, Gunnar Ágúst Harðarson bjó til prentunar, 7–42. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Haraldur Bernharðsson. 2002. „Skrifandi bændur og íslensk málsaga. Vangaveltur um málþróun og málheimildir.“ *Gripla* 13: 175–197.
- Heilagra manna sögur* I. 1877. Útg. C. R. Unger. Christiania.
- Íslenzka bómilubók. Fornar stólræður*. 1993. Útg. Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Jakobson, Roman. 1959. „On Linguistic Aspects of Translation.“ Í *On Translation*, ritstj. Reuben A. Brower, 232–239. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press.
- Jónas Kristjánsson. 1988. *Eddas and Sagas*. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Kirby, Ian J. 1976–1980. *Biblical Quotations in Old Icelandic — Norwegian Religious Literature* I–II. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Leifar fornra kristinna fræða íslenzkra. Codex Arnarnæanus 677 4to auk annarra enna elztu brota af íslenzkum guðfræðisritum*. 1878. Útg. Þorvaldur Bjarnason. Kaupmannahöfn: Hagerup.
- Marsden, Richard. 2004. „Wrestling with the Bible: Textual Problems for the Scholar and Student.“ Í *The Christian Tradition in Anglo-Saxon England: Approaches to Current Scholarship and Teaching*, ritstj. Paul Cavill, 69–90. Cambridge: D.S. Brewer.
- Peterson, Jonatan. 2008. „Translators and Narrators. The Translation of Subjectivity in Old Norse Literature.“ Í *Translation and the (Trans)formation of Identities. Selected Papers of the CETRA Research Seminar in Translation Studies* 2008, ritstj. Dries De Crom. Sótt 7. okt. 2013: kuleuven.be/cetra/papers/papers.html
- Robinson, Douglas, ritstj. 2002. *Western Translation Theory from Herodotus to Nietzsche*. Manchester: St. Jerome Pub.
- Roughton, Philip. 2004. *AM 645 4to and AM 652/630 4to. Study and Translation of two Thirteenth Century Icelandic Collections of Apostles' and Saints' Lives*, Ann Arbor: UMI Dissertations Services.

## RITUN OG ÞÝÐINGAR

- Sif Ríkharðsdóttir. 2012. *Medieval Translations and Cultural Discourse. The Movement of Texts in England, France and Scandinavia*. Cambridge: D.S. Brewer.
- Sverrir Tómasson. 1992. „Erlendur vísdómur og forn fræði.“ Í *Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Vésteinn Ólason, 519–571. Reykjavík: Mál og menning.
- Sverrir Tómasson. 1992. „Kristnar trúarbókmenntir í óbundnu máli.“ Í *Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Vésteinn Ólason, 421–479. Reykjavík: Mál og menning.
- Sverrir Tómasson. 1992. „Veraldleg sagnaritun 1120–1400.“ Í *Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Vésteinn Ólason, 265–418. Reykjavík: Mál og menning.
- Sverrir Tómasson. 1993. „Trúarbókmenntir í lausu máli á síðmiðöld.“ Í *Íslensk bókmenntasaga II*, ritstj. Vésteinn Ólason, 249–282. Reykjavík: Mál og menning.
- The First Grammatical Treatise*. 1972. Útg. Hreinn Benediktsson. University of Iceland, Publications in Linguistics 1. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics.
- Torfi H. Tulinius. 1993. „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum.“ Í *Íslensk bókmenntasaga II*, ritstj. Vésteinn Ólason, 167–245. Reykjavík: Mál og menning.
- Vésteinn Ólason. 1992. „Kristileg trúarkvæði til loka 13. aldar.“ Í *Íslensk bókmenntasaga I*, ritstj. Vésteinn Ólason, 483–515. Reykjavík: Mál og menning.